



Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
á fagnaði starfsfólks og stjórnenda Össurar hf.
vegna kaupa á bandaríska fyrirtækinu Flex-Foot
13. apríl 2000

Starfsfólk og stjórnendur Össurar
Góðir samkomugestir.

Það er stundum sagt að saga Íslendinga sé líkust ævintýri því annars sé erfitt að skilja hvernig fátæk þjóð fiskimanna og bænda hefur náð að þróa í harðbýlu landi í rök þúsund ár og þróað svo á okkar tíð auðugt og tæknivætt samfélag sem náð hefur í fremstu röð á fjölmörgum sviðum.

Um þessar mundir birtist okkur hver staðfestingin á fætur annarri á getu íslensks athafnalífs til að gera heiminn allan að sinni verkstöð og skila árangri sem einstakur er á viðskiptavog veraldarinnar.

Við fögnum hér í dag djarfri ákvörðun sem markar þáttaskil í útrás íslenskra fyrirtækja og er glæsileg sönnun þess hve áhrifaríkir Íslendingar geta orðið í hinu nýja hagkerfi heimsins.

Með kaupum Össurar á Flex-Foot er ráðist í mestu fjárfestingu íslensks fyrirtækis á erlendri grundu. Með samrunanum er skapað næst stærsta stoðfyrirtæki í veröldinni, fyrirtæki sem er í fararbroddi við nýtingu hátækni í þágu velferðar viðskiptavina og atvinnu og ágóða fyrir starfsfólk og eigendur.

Össur óx upp úr jarðvegi íslensks hugvits og hæfni. Með ríkum sóknarvilja náði fyrirtækið sterkri stöðu á markaðssvæðum víða um veröld. Kunnátta í tækni og vöruþróun, áreiðanleiki í viðskiptum, listfengi og nútímabragur á hönnun og framsetningu, stjórnun með aga og traustum tókum á fjárhag og framleiðslu, skóp Össuri smátt og smátt forystusess sem nú hefur skilað íslensku atvinnulífi merkum áfanga.

Útflutningsverðlaun forseta Íslands sem fyrirtækið hlaut 1992 hafa svo sannarlega reynst verðskulduð. Árangur ykkar vekur spurningu um hvort ekki eigi að ákveða þá nýbreytni að veita þau merku verðlaun í annað sinn til sama fyrirtækis!

Í aðlögun okkar Íslendinga að hinu nýja hagkerfi 21. aldar, þeirri umsköpun á efnahagslífi og samfélagsháttum sem æ meir mótar heiminn allan, er ferill Össurar í senn lærdómsefni og hvatning, sönnun þess að hugvit og hæfni, þekking og þjálfun eru þær auðlindir sem Íslendingar geta nýtt til að skapa okkur einstæða stöðu.

Í raun eru eðlisþættir hins nýja hagkerfis á þann veg að okkur eru nú engin takmörk sett. Þær hindranir sem voru ávallt innbyggðar í hið gamla hagkerfi frumframleiðslunnar eru úr sögunni í hagkerfi hugvits og alþjóðavæðingar, hagkerfi þar sem menntun, heilbrigði og velferð geta orðið arðvænlegri uppsprettur tekna og framfara en fiskur og fallvötn; þótt hlutur þeirra muni vissulega vega áfram þungt.

Sú samkennd hefur ávallt verið rík í menningu okkar Íslendinga að rétta beri öðrum hjálparhönd þegar áföll ber að garði. Hjálpsemin sem er forsenda framleiðslunnar í ykkar góða fyrirtæki fellur því vel að samvitund Íslendinga. Því er það tvöfalt ánægjuefni að hér eru arðsemi og árangur nátengd þeirri samhjálp sem lengi hefur verið kjarni í þjóðarvitund okkar.

Ég óska ykkur og nýjum samstarfsaðilum Össurar í Bandaríkjunum til hamingju með þennan sögulega áfanga, sögulegan en ekki aðeins í þróun ykkar fyrirtækis og í stoðtækjajafnaði heimsins heldur einnig í efnahagssögu Íslendinga.

Ég vona að árangur ykkar verði ungum Íslendingum sönnun þess að það er hægt að vera í senn góður Íslendingur og glæsilegur fulltrúi þess besta sem gerist í veröldinni, að tækifæri Íslendinga í hinu nýja hagkerfi heimsins jafnast á við það besta sem gefst í öðrum löndum. Við getum svo sannarlega sameinað að vera í senn sjálfstæð þjóð og raunverulegir heimsborgarar í hugsun, framleiðslu og viðskiptum.

Ég óska ykkur og þjóðinni allri til hamingju með glæsilegan árangur.